

HEILBRIGÐISRÁÐUNEYTIÐ	
Skj. n.	02.03.01
10. DES. 2008	
Ábm.	(R25) + BA...
Málanr.	HTR07/0029B

Nefnd um fasteignir, nýbyggingar og aðstöðu heilbrigðisstofnana
Greinargerð til heilbrigðisráðherra febrúar 2008

Nýtt háskólasjúkrahús

Stöðumat

Samkvæmt erindisbréfi nefndarinnar frá 26. október 2007 er nefndinni falin yfirumsjón með undirbúningi, hönnun og byggingu nýrrar sjúkrahúsbyggingar fyrir Landspítala. Þar með tekur hún að fullu og öllu við verkefnum framkvæmdanefndarinnar sem starfaði frá nóv. 2005 til sept. 2007. Nefndinni var falið að gera **úttekt á núverandi stöðu verkefnisins** og þeirri undirbúningsvinnu, sem unnin hefur verið.

Í lok þessa mánaðar er reiknað með að endanleg gerð frumáætlunar vegna byggingar nýs háskólasjúkrahúss liggja fyrir af hálfu C.F.Möller, arkitektafyrirtækisins sem vann skipulagssamkeppni um sjúkrahúsbyggingu á lóð LSH við Hringbraut. Þegar hún liggur fyrir er hægt að hefja undirbúning að hönnun bygginga. Gerð frumáætlunar byggir á þarfagreiningu 44 notendahópa, en í þeim störfuðu um 250 starfsmenn LSH og HÍ auk þess sem til grundvallar liggur endurskoðuð vinningstillaga C.F.Möller um skipulag bygginga á lóð. Síðustu mánuði hafa stýrinefndir á vegum LSH og HÍ farið gaumgæfilega yfir allar þarfagreiningar.

Forsagan

Þegar Ríkisspítalar og Sjúkrahús Reykjavíkur (Borgarspítali) voru sameinaðir undir heitinu Landspítali árið 2000 var rætt um að endanleg sameining væri ekki í höfn fyrr en með byggingu nýs háskólasjúkrahúss, þar sem allri starfsemi yrði komið fyrir á einum stað. Einungis þannig mætti ná að fullu þeirri hagræðingu sem sameining spítalanna var grundvölluð á.

Á næstu tveimur árum var unnið að ákvörðun um staðsetningu nýs háskólasjúkrahúss og eftir ítarlega athugun var samþykkt að byggingar skyldu rísa á lóð Landspítala við Hringbraut. Nefnd undir forystu Ingibjargar Pálmadóttur, fyrrv. heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skilaði álit í janúar 2002. Meginniðurstöður nefndarinnar voru að stefna ætti að því að sameina starfsemi Landspítala-háskólasjúkrahúss á Hringbrautarlóðinni og byggja spítalann upp aðallega sunnan gömlu Hringbrautar. Álitid var m.a. byggt á vinnu sænska arkitektafyrirtækisins White arkitektar, sem vann að greiningu þriggja lóða spítalans á Vífilsstöðum, í Fossvogi og við Hringbraut. Í framhaldi af þessari niðurstöðu var unnið að samningum við Reykjavíkurborg um skipulag lóðarinnar við Hringbraut af nefnd undir forystu Ragnheiðar Haraldsdóttur, skrifstofustjóra í heilbrigðis- og tryggingaráðuneytinu og í lok apríl 2004 undirrituðu Jón Kristjánsson, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og Þórólfur Árnason, borgarstjóri samkomulag um skipulag lóðar Landspítala-háskólasjúkrahúss. Ein af forsendum þess samkomulags var flutningur Hringbrautar til suðurs eins og nú hefur verið framkvæmdur.

Á fyrri hluta árs 2005 var efnt til samkeppni um skipulag Landspítalalóðar og grunngerð nýbygginga. Danskt arkitektafyrirtæki, C. F. Möller vann samkeppnina. Framkvæmdanefnd vegna undirbúnings byggingarinnar var skipuð í nóv. 2005.

Á árunum 2003-2004 var unnin áætlun af starfsmönnum Landspítala til að meta hvernig starfsemin, sjúkdómar og meðferð muni þróast til ársins 2025 fyrir allar sérgreinar. Eftir að búið var að skrifa undir samning við C. F. Möller í byrjun febrúar 2006 um gerð deiliskipulags lóðarinnar og fyrirkomulag bygginga var sett af stað yfirgripsmikil notendavinna. Skipaðir voru 45 hópar bæði Landspítala og Háskóla Íslands til að vinna að ítarlegri þarfagreiningu nýs háskólasjúkrahúss og skiluðu þeir af sér í árslok 2006. Um 250 manns unnu að þeirri vinnu.

C. F. Möller var falið að gera frumáætlun (sketch project) verksins byggða á þarfagreiningunni. Hófst sú vinna í mars 2007 og lýkur nú um ári síðar.

Gerð frumáætlunar er forsenda þess að hægt sé að óska heimildar samstarfsnefndar um opinberar framkvæmdir til að stíga næstu skref.

Staðsetning nýs háskólasjúkrahúss við Hringbraut

Á undanförunum árum hafa oft heyrst raddir um að staðsetning nýs háskólasjúkrahúss við Hringbraut væri ekki ákjósanleg, einkanlega með tilliti til **umferðarflæðis**. Nefndin ákvað því að skoða sérstaklega þennan þátt í undirbúningi verksins og kanna hvort einhverjar þær aðstæður hefðu breyst þannig að ástæða væri til að breyta frá því sem áður hafði verið ákveðið. Til athugunar voru þeir kostir sem kannaðir voru árið 2002 áður en staðsetning var ákveðin við Hringbraut og um er fjallað í skýrslu "Framtíðarskipulag og uppbygging Landspítala-háskólasjúkrahúss" þ.e. Fossvogur og Vífilsstaðaland auk Hringbrautar. Til viðbótar ákvað nefndin að skoða möguleika á staðsetningu háskólasjúkrahúss í landi Keldna. Nefndin skoðaði skipulagslegar forsendur fyrir staðsetningu, spár um umferðarflæði á höfuðborgarsvæðinu næstu áratugi, aðgengi að svæðinu vegna bráðamóttöku og fyrir almenning, tengingu svæðisins við almenningsgangakerfi svo og starfsemi og starfsþætti nýs háskólasjúkrahúss. Farið var yfir gögn frá Vegagerðinni og rætt við sérfræðinga.

Umferðarflæði við Fossvog er mjög þröngt og mun ekki geta tekið við viðbótarumferð sem fyrirsjáanleg er, auk þess sem landrými hefur minnkað frá fyrri athugun með lóðasamningum við Reykjavíkurborg árið 2004. Staðsetning háskólasjúkrahúss í Fossvogi er því ekki lengur inni í myndinni. Við Vífilsstaðalandið er nánast öll aðkoma úr einni átt þ.e. frá Reykjanesbraut. Umferðarálag er þegar í dag mjög mikið og gera spár Vegagerðarinnar ráð fyrir verulegri aukningu á næstu áratugum (2050) eða um 80 - 100 þús. bílum á dag. Við land Keldna fyrir botni Grafarvogs mun umferð aukast verulega á næstu áratugum og er gert ráð fyrir umferð um Vesturlandsveg og gatnamót við Suðurlandsveg u.þ.b. 80 - 120 þús. bílum á dag. Spá um umferð á Hringbraut gerir ráð fyrir álíka umferð. Það er því ekki sýnilegur neinn ávinningur hvað varðar umferðarmagn á höfuðborgarsvæðinu að flytja háskólasjúkrahús frá Hringbraut. En jafnframt verður að geta þess að Hringbrautarsvæðið býður upp á aðkomu úr mun fleiri áttum en bæði Vífilsstaðalandið og Keldnaland.

Farið var sérstaklega yfir rök fyrir staðsetningu út frá **almenningsamgöngum**. Niðurstaðan var sú að staðsetning við Hringbraut væri áberandi besti kosturinn af þessum þremur í þessu samhengi. Stutt er í miðstöð strætisvagna á Hlemmi og skiptistöðvar á Lækjartorgi. Auk þess er staðsetning við Hringbraut í mikilli nálægð við fjölmenn íbúðahverfi og auðvelt að tryggja gott aðgengi gangandi og hjólandi fólks.

Nálægðin við Háskóla Íslands, sem sér um **kennslu heilbrigðisgreina** og þar sem stundaðar eru viðamiklar **rannsóknir** er afar mikilvæg. Landspítalinn gegnir lykilhlutverki í rannsókn- og vísindastarfi HÍ. Auk þess er unnið að almennri uppbyggingu rannsókna- og þróunarstarfsemi í Vatnsmýri og Háskólinn í Reykjavík er að byggja undir sína starfsemi við Öskjuhlíð. Á þessu svæði munu því vera miklir möguleikar fyrir fjölbreyttri og öflugri nýsköpunarstarfsemi í framtíðinni. Skipulag svæðis Háskóla Íslands hefur tekið mið af uppbyggingu háskólasjúkrahúss við Hringbraut m.a. með góðum tengingum göngu- og hjólréiðastíga.

Þó svo að efalaust væri hægt að finna annan stað á höfuðborgarsvæðinu sem til greina gæti komið fyrir háskólasjúkrahús er jafnframt ljóst að uppbygging á nýjum stað myndi hafa í för með sér verulega töf á verkinu og undirbúningsvinna og kostnaður við hana myndi að miklu leyti tapast.

Rökin fyrir staðsetningu nýs háskólasjúkrahúss við Hringbraut eru að mati nefndarinnar í fullu gildi enn í dag. Niðurstaða nefndarinnar er að staðsetning nýs háskólasjúkrahúss við Hringbraut er besti kosturinn og leggur áherslu á eftirfarandi í því sambandi:

- Umferðartengingar eru góðar.
- Tryggja þarf öruggari samgöngur úr suðri með því að flýta lagningu leiðar um Hlíðarfót við Öskjuhlíð eins og Aðalskipulag Reykjavíkur og Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins gerir ráð fyrir. Sá vegur þarf að vera tilbúinn þegar starfsemi spítalans flyst úr Fossvogi.
- Almenningsamgangnakerfið þarf að taka mið af þeim fjölda starfsmanna sem munu starfa á þessu svæði, góðar tengingar við Lækjartorg og Hlemm og biðstöðvar við stofnbrautina Hringbraut. Kanna þarf sérstaklega hvort hægt verði að koma fyrir skutlum til og frá Lækjartorgi og Hlemmi.
- Göngustíga- og hjólréiðastígatengingar auðveldar.
- Umferð um lóð verði takmörkuð þannig að umferð um "gömlu Hringbraut" verði hæg og einungis leyfð sjúkrabílum, strætisvögnum (og leigubílum) frá gatnamótum við Laufásveg að bílastæðum við Snorrabraut og Eiríksgötu.
- Holtsgöng verði ekki inni á lóðinni og hafa borgaryfirvöld lýst yfir vilja til að færa þá aðkomu eða taka göngin út af aðalskipulagi.
- Gert verði ráð fyrir lendingarstað fyrir þyrilu við nýja samgöngumiðstöð og farið rækilega yfir hvort hægt verði að komast hjá því að staðsetja þyrlopall ofan á spítalabyggingunum.

Deiliskipulag lóðar

Þann 6. mars 2006 var undirrituð yfirlýsing um uppbyggingu Landspítala-háskólasjúkrahús og þekkingarstarfsemi Háskóla Íslands í Vatnsmyri. Yfirlýsingin var undirrituð af Steinunni Valdísi Óskarsdóttur, borgarstjóra, Jóni Kristjánssyni, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, Magnúsi Péturssyni, forstjóra Landspítala og Kristínu Ingólfssdóttur, rektor Háskóla Íslands. Í þessari yfirlýsingu er fjallað um deiliskipulagsvinnu svæðisins í framhaldi af samningi heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis og Reykjavíkurborgar frá apríl 2004 um skipulag lóðar fyrir nýtt háskólasjúkrahús. Fjallað er m.a. um umferðarskipulag og göngustígatengingar, byggingarrétt undir miðbæjarstarfsemi á svokölluðum U-reit (í eigu einkaaðila), tímabundnar ráðstafanir vegna lóðar undir bensínafgreiðslu og samstarf vegna bílastæðahúss.

Í framhaldi af þessari yfirlýsingu var sett á laggirnar samstarfsnefnd Reykjavíkurborgar og framkvæmdanefndar um byggingu háskólasjúkrahúss. Á þeim vettvangi var rætt um undirbúning deiliskipulagsvinnu og álitamál sem taka þurfti afstöðu til.

Í júní 2006 var haldinn sameiginlegur kynningarfundur fyrir almenning í Ráðhúsinu boðaður af skipulags- og byggingarsviði Reykjavíkur og nýju háskólasjúkrahúsi til að kynna drög að skipulagstillögu lóðarinnar. Undirbúningsvinnan hefur síðan tekið mið af sjónarmiðum sem þar komu fram, svo og á fundum með skipulagsráði Reykjavíkurborgar og borgarstjóra. Tillaga að deiliskipulagi verður kynnt þegar frumáætlun liggur fyrir.

Umhverfismat vegna deiliskipulags

Gerður hefur verið samningur við Arkitektur.is um umhverfisskýrslu. Samningur felur í sér að fyrirtækið geri umhverfismat áætlana í tengslum við gerð deiliskipulags af væntanlegu framkvæmdasvæði nýs háskólasjúkrahúss við Hringbraut.


Bílastæði – bílastæðahús

Fyrirliggjandi drög að byggingu nýs háskólasjúkrahúss gera ráð fyrir samtals 3.200 bílastæðum. Þar af eru 400 ofan jarðar en 2.800 í bílastæðahúsi. Fjöldi stæða er reiknaður út frá kröfum skipulagsyfirvalda miðað við fermetrafjölda bygginga. Nefndin leggur mikla áherslu á að þessi þáttur uppbyggingarinnar verði tekinn til rækilegrar endurskoðunar. Í flestum borgum nágrannalanda okkar þar sem er verið að byggja stór sjúkrahúsa í nálægð við miðbæi er kröfunni snúið við þannig að takmarkaður er fjöldi þeirra bílastæða sem leyfilegt er að útbúa. Það er að segja í staðinn fyrir lágmarkskröfur koma hámarkskröfur. Í umræðum innan nefndarinnar hefur verið rætt um nauðsyn þess að Landspítali vinni að því að setja sér samgöngustefnu. Slík samgöngustefna hefði að markmiði að auðvelda starfsmönnum að nýta sér fjölbreytta möguleika til að komast að og frá vinnustað. Unnið er að mótun slíkrar samgöngustefnu á vegum Reykjavíkurborgar og einfalt að fá fyrirmyndir þaðan. Markmiðið á að vera að minnka eins og kostur er þörf fyrir bílastæði. Minna má á í þessu sambandi að í samningum við Reykjavíkurborg þar sem borgaryfirvöld hafa lýst sig reiðubúin til samstarfs um byggingu bílastæðahúss er gert ráð fyrir að öll stæði yrðu gjaldskyld.

Næstu skref – hönnunarsamkeppni

Eftir að gerð við frummatsskýrslu verður lokið um næstu mánaðarmót mun nefndin leggja til við heilbrigðisráðherra að efnt verði til samkeppni meðal arkitekta um útlit og hönnun bygginga. Fyrst verði farið í forval þar sem fundin verða teymi til að keppa í sjálfri samkeppninni og mun það ferli taka 90 daga. Á þeim tíma verði lokið við gerð samkeppnislýsingar og endanlega farið yfir þau álitamál, sem enn eru upp varðandi byggingarnar. Nefndin leggur áherslu á að íslenska verði tungumál samkeppninnar, en boðið verður út á Evrópska efnahagssvæðinu eins og lög gera ráð fyrir. Undirbúningur allur er unnin í samstarfi við Framkvæmdasýslu ríkisins.

Umferðarmagn á helstu stofnvegum höfuðborgarsvæðisins.
(Heimild: Vegagerðin, 2007).




SKÝRINGAR:

— Stofnvegir


50 ÁDU 2005

1:50000
2500
0
2500 m

Umferðarspá 2050+



Umferðarmagn á helstu stofnvegum höfuðborgarsvæðisins.
(Heimild: Vegagerðin, 2007).



SKÝRINGAR:

— Stofnvegir

50 ÁDU 2005

1:50000
2500 m

Umferðarspá 2050+.

